

Kíkir slf.  
Framnesvegur 10  
Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2018  
UST201808-058/P.B.S.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Snæfellsnes og Hvalfjörður**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Kíkis fyrir hönd Gwangju MBC sjónvarpsstöðina, dagsett 9. ágúst, um kvikmyndatöku innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfissráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum samkv. 17. gr. reglugerðarinnar. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

#### **Lýsing verkefnis:**

Markmið kvikmyndatökunnar er að gera myndefni sem uppfyllingarefni með aðalefni þáttarins sem tekið verður upp á veitingastöðum í borginni. Farið verður með tókuliðið í bíltúr inn í þjóðgarðinn og mun tókuliðið halda sig í nágrenni við veginn. Tókuliðið verður á tveimur fólksbílum með vél á þrífæti og eitt flygildi. Svæðið sem um ræðir er aðeins í nágrenni við veginn.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur ofangreint verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan þjóðgarðsins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takmarka skal þann tíma sem kvikmynda er eins og kostur er með tilliti til upplifun annarra gesta á svæðinu.

***Varðandi drónaflug:***

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Að öðru leiti skal haga flugi dróna í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.


***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður